



Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 2. desember 2014

Fundarboðari: Theódóra Matthíasdóttir, umhverfisfulltrúi

Nr. fundar: 30

Mættir:

Þorsteinn Steinsson (ÞS), bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar
Eggert Kjartansson (EK), oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps
Sturla Böðvarsson (SB), bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar
Kristinn Jónasson (KJ), bæjarstjóri Snæfellsbæjar
Theódóra Matthíasdóttir (TM), umhverfisfulltrúi Snæfellsness

Forföll:

Sif Matthíasdóttir, oddviti Helgafellssveitar

Fundarstaður og tími: Ráðhús Stykkishólms, 2/12/2014 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Kosning formanns, varaformanns og ritara skv. erindisbréfi um Framkvæmdaráð Snæfellsness
 - a. Erindisbréf
 - b. Fjöldi funda Framkvæmdaráðs
2. Theódóra kynnir umhverfivottunarverkefni Snæfellsness og þau verkefni sem eru á döfinni
 - a. Umræður um yfirstandandi/komandi verkefni
 - i. „10 ára skýrsla“ (á Framkvæmdaáætlun, styrkt af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu)
 - ii. Margnota burðarpokar í hús
 - iii. Ársskýrslur
 - iv. Úttekt í febrúar
 - v. Breyttar skráningar, fyrirspurn til EarthCheck!
 - vi. Styrkumsóknir sem bíða í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu
3. Upplýsingaskiltið sem stóð við Vatnaleiðina
 - a. Ný staðsetning
4. Umhverfisstefna hafnarsvæða á Snæfellsnesi
5. Fundir með bæjarstjórnnum, nefndum og forstöðumönnum
6. Síldarbátar við veiðar nærri fjöru á Snæfellsnesi
7. Önnur mál

Umfjöllun:

Sturla setur fund kl. 13.05.

1. Gengið til kosninga um formann, varaformann og ritara Framkvæmdaráðs. Þorsteinn Steinsson kjörinn formaður, Sturla Böðvarsson varaformaður og Eggert Kjartansson ritari. Í kjölfarið tekur ÞS við stjórn fundar.
 - a. Erindisbréf Framkvæmdaráðs yfirfarið. Erindisbréfið virðist hafa verið gert á grundvelli samþykktar um Héraðsnefnd. Í kjölfarið er rædd stjórnsýsla sameiginlegra verkefna á



Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 2. desember 2014

Snæfellsnesi og hvort einhverjir möguleikar séu á því að einfalda hlutina með því að sameina hinar ýmsu nefndir og ráð sem að þessum málaflökki snúa. Fundarmenn sammála um að kerfið sé of flókið eins og það er núna.

- b. Fjöldi funda Framkvæmdaráðs ræddur og samþykkt að funda annan hvern mánuð yfir vetrartímann. Næsti fundur haldinn um eða eftir miðjan janúar. Theódóru falið að finna heppilegan fundartíma og senda fundarboð. Óskað eftir að Þór Örn mæti á þann fund með uppgjöf verkefnisins fyrir þetta ár.
2. TM kynnir umhverfisvottunarverkefni sveitarfélaganna og þau verkefni sem eru á döfinni.
 - a. „10 ára skýrsla“ er í smíðum og er styrkt af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. ÞS telur að áhugavert sé að fram komi með skýrum hætti hver ávinningur af verkefninu sé. KJ óskar eftir því að fá að lesa drög að skýrslunni áður en hún verður gefin út. Nauðsynlegt sé að halda til haga sögunni um upphaf verkefnisins.
 - b. Margnota burðarpokar á heimili á Snæfellsnesi. TM kynnir verkefnið og hvar það er statt, pokar þegar hannaðir og pantaðar hjá BAGGU. Samþykkt að halda verkefninu til streitu.
 - c. TM gerir grein fyrir því að ársskýrslum er skilað í upphafi hvers árs svo næstu vikur fara í að leggja lokahönd á ársskýrslu fyrir árið 2014. Hún mun liggja frammi á næsta fundir framkvæmdaráðs í janúar og verður kynnt þá.
 - d. TM gerir grein fyrir hugmyndum um breyttar skráningar á nokkrum umhverfisvísnum sem skila þarf inn til EarthCheck samtakanna. Nauðsynlegt er að breyta skráningum á einstaka vísnum svo þeir gefi raunverulegri mynd af áhrifum sveitarfélaganna á umhverfið. Samþykkt að skoða nánar. TM tekur saman greinargerð fyrir Framkvæmdaráðið og EarthCheck vegna þessa máls.
 - i. Einn þeirra vísa sem þyrfti að breyta er hlutfall umhverfisvottaðra ferðapjónustuaðila á svæðinu. Hingað til hafa verið taldir allir ferðapjónustuaðilar á svæðinu og aðeins einn þeirra, Hótel Hellnar, hefur umhverfisvottun á starfsemi sinni. Sveitarfélögin hafa þó lítil bein áhrif á það hvort ferðapjónar sækist eftir vottun á starfsemi sinni, því væri nær að skrá frekar þá starfsemi sem er á vegum sveitarfélaganna. Þá má til dæmis nefna tjaldsvæði, hafnarsvæði og fleira. Þannig sýna sveitarfélögin fordæmi og geta þannig hvatt aðra ferðapjónustuaðila á svæðinu til þess að fylgja í kjölfarið.

SB stingur upp á að kanna í ráðuneyti ferðamála hvort styrkur fæst í átak til þess að aðstoða ferðapjónustufyrirtæki við að fá vottun. Mögulegt væri að halda sameiginlega fundi eftir svæðum og kynna hverju vottun skilar.
 - e. TM kynnir þrjár styrkumsóknir sem sendar voru inn til UAR. Sótt var um styrk í rekstur umhverfisvottunarverkefnis Snæfellsness, verkefni um aukna sjálfbærni í daglegri starfsemi sveitarfélaganna og verkefni um burðarplastpokalaust Snæfellsnes.
 - i. Fundarmenn sammála um að vinna að burðarplastpokalaus Snæfellsnesi í kjölfar vel heppnaðs verkefnis í Stykkishólmi. Í versluninni á Hellissandi er þegar hætt að bjóða upp á plastpoka en Snæfellsbær styrkir eldri borgara við að selja margnota burðarpoka í staðinn.
3. SB og TM gera grein fyrir því að taka þurfti niður upplýsingaskilti um EarthCheck, sem sett var upp við Vatnaleiðina í haust. Ný staðsetning rædd og ákveðið að staðsetja skiltið við áningarstaðinn við Búlandshöfða. TM hefur samband við Vegagerðina og kemur skiltinu upp á ný.



EARTHCHECK

Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 2. desember 2014

-
4. ÞS kynnir að á þingi hafnarstjórna hafi verið rætt um umhverfisstefnu hafnarsvæða og nú er í smíðum skapalón fyrir slíka stefnu hjá Hafnarsambandinu. Ákveðið að hafa málið til skoðunar og nýta TM í að aðstoða hafnarsvæðin á Snæfellsnesi við þessa vinnu eftir þörfum, þegar drögin eru komin frá Hafnarsambandinu.
 5. TM óskar eftir því að fá að kynna starfsemi framkvæmdaráðsins á fundum með bæjarstjórnunum, forstöðumönnum sveitarfélaganna og umhverfisnefndum. TM sendir póst á bæjastjórana til áminningar.
 6. Sif Matthíasdóttir óskaði eftir því að veiðar síldarskipa nærri fjörum á Snæfellsnesi yrðu settar á dagskrá fundarins. Sif hafði ekki tók á því að mæta á fundinn í dag og því verða málin geymd til næsta fundar. KJ og ÞS telja þó að þessi umræða eigi ekki endilega heima á þessum vettvangi. TM bendir þó á að skv. kröfum EarthCheck eigi málið við hjá Framkvæmdaráði hvað varðar áhættumat og viðbragðsáætlanir. KJ og ÞS benda á að viðbragðsáætlanir séu til við mengunarslysum í sjó, hafnarsvæðin eigi sameiginlega olúgirðingu og fylgi ákveðnum mengunarnáætlanum.
 7. Önnur mál
 - a. SB tekur saman minnisblað um að skipulag samstarfsins verði tekið formlega upp til endurskoðunar með hagræðingu og minnkun flækjustigs fyrir sjónum.
 - b. Fjármál verkefnisins rædd. SB leggur til að lagt verði í sérstakan leiðangur í að afla ríkisstyrkja í framhaldi af tilnefningu Snæfellsness til umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs.

Næsti fundur: Janúar

Fundi slitið kl.: 15:22